

| fólk | tíska | hönnun | tíðarandi | stjörnuspá | börn | sjónvarp | sambönd |

bírt

greiðir úr flækjum



Pastamáltíð
með humri

Húmorinn í Sigtinu

Hárrétt staðsetning:

*Klippt og skorið
í Hlíðunum*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
21. - 27. apríl

*Prófun á Mikni Filldyn(R) **Rakinn í húðinni meðdur einni klukkustund eftir að kremð var borð á.



A close-up photograph of a woman's face, focusing on her eyes, nose, and mouth. A silver water dispenser is positioned near her nose, with a single clear water droplet falling from its spout. The lighting highlights the texture of her skin and the contours of her facial features.

Húðin inniheldur vatn sem hún bindur
til að viðhalda réttum raka.



THERMAL FIX

Gefur, bindur og varðveitir rakann

Örvar virkni húðarinnar að binda raka*
húðin nær að binda meira en 45% vatn**

Thermal Fix inniheldur Filladyn (R) sem örvar framleiðslu
á rakabindandi efnum. Þegar efsta lag húðarinnar
er mettað af raka, varðveitir hún hann allan daginn.
Húðin verður mjúk og fær aftur eðlilegan teygjanleika.
Inniheldur Vichy lindarvatn.

Vichy fæst eingöngu í apótekum, þar sem þú færð faglega
ráðgjöf um umhírðu húðarinnar.

VICHY. HEILSULIND HÚÐARINNAR

Lyftu huganum á flug L'Amour Collection



**NOKIA
7360**



**NOKIA
7370**



**NOKIA
7380**

Þú fyllist andagift og ímyndunaraflíð fer á flug. Listrænt form og framúrskarandi hugmynd sameinast. Tæknileg fullkomunn og listfengi skapa fársíma sem eiga sér enga líka. Petta er L'Amour línan. Hún veitir þér innblástur.

www.nokia.com

NOKIA
Connecting People




12



16



24



30

Þetta helst

- 7 Góðir Íslendingar
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Karls Olgeirssonar
- 12 Dýrin kenna stafrófið

Viðtöl og greinar

- 14 Pínlega skemmtilegur þáttur
- 16 Klippt og skorið í Hlíðunum

Hann hún

- 24 Pastamáltið með humri
- 30 Með dýra málma milli handanna
- 34 Veisla á hvítu tjaldinu
- 36 Emilía elur upp
- 38 Hvað er einn litningur á milli vina?
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Allir út að leika
- 44 Bækur fyrir alla
- 46 Fórum afslöppuð inn í sumarfríð
- 48 Lífshættuleg sjálfsblekking

Í hverju blaði

- 50 Krossgáta
- 51 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 68 Sudoku

VORIÐ GENGUR Í GARD



LÓÐAHREINSUN Í REYKJAVÍK 2006
21.–29. APRÍL

Starfsmenn Reykjavíkurborgar verða á ferðinni á tímabilinu og fjarlægja garðaúrgang sem fólk hefur sett út fyrir lóðarmörk. Athugið að garðaúrgang má ekki setja í sorptunnur.

- Garðaúrgang skal setja í poka
- Greinaafklippur skal binda í knippi
- Ekki verða fjarlægð stór tré eða trjástofnar

Nánari upplýsingar í síma 4 11 11 11

Virkjum okkur!



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Góðir Íslendingar

Lengi höfum við streist á móti þeim náttúruöflum sem móta okkur og land okkar. Stríðið er eilift, hvort sem við skríðum gegnum oldudal í öskrandi brimi, reisum virkjanir sem dæmdar eru til að bresta, eða tökum fram sandalana, stutt-buxurnar og sógleraugun á sumardaginn fyrsta. Það er ljóst að það liggur engin rök-rétt skýring að baki þessu, engin saga og engin meining. Aðeins ögrun. Petta er

okkar líf, okkar land, okkar heimur og okkar fyrsti sumardagur. Höfuðáttirnar halda áfram að berja á okkur. Þær mása og blásu og fá í lið með sér systur sína regnið og bróður sinn frostið. Þeim er illa við ögrunina, þannig er stríðið. Gagnkvæm virðingar níkir en þegar á orrustuvöllinn er komið leggjum við vinskapinn til hliðar, blásum í herlúðra og göngum sperrt með blikandi skjöld og brugðið sverð á móti örlogum

okkar. Við mótmælum óréttlæti vetrarins og krefjumst umbóta, sumaryls hækkandi sólar.

Við hvetjum ykkur, íslensku bræður og systur, þó svo að sumarið sé ekki komið í veðurkortin, að hleypa því inn í sál okkar þar sem það á upphaf sinn og endi. Það gerðum við alla vega... og fengum kvef.



| heitt & kalt |



Upp með grillspaðann!

Hækkan hitastigs á jörðinni hefur ekki bara brætt Grænlandsjökul heldur hefur hækkinin einnig stuðlað að því að íslendingar geta nú grillað sem aldrei fyrr. Nú er sumardagurinn fyrsti liðinn og þeir sem eru ekki enn búinir að draga grillin fram eða dusta af þeim snjóinn eiga hreinlega að skammast sín. Veðrið er alltaf að verða betra og betra og því þurfum við að nýta okkur það. Slíkt gyllibóð þarf heldur ekki að bjóða sólþyrstum íslendingum tvívar enda hefur sala á grillum aukist gríðarlega á undanförnum árum. Nú er svo komið að hægt er að fá sum grill allan ársins hring í einstökum verslunum og oft fær maður fregnir af því að sum grill hafi einfaldlega selst upp. Fyrir hina nýriku er einnig hægt að toppa allt og alla með eðalgræjum



því hægt er að fá grillbúnað fyrir allt að hálfri milljón króna. Segið svo að gróðurhúsaáhrifin séu af hinu slæma.

Sólrvörn »


Pössum upp á húðina okkar

Eftir dimman veturna koma langir dagar og bjartar nætur. Og sannarlega er dásamlegt þegar dagurinn er orðinn langur og sólin hækkar á lofti. Gott er að koma sér fyrir í skjóli og láta sólina verma sig, fá nokkrar freknur á fölt andlitið. Þá er lykilatriði að gleyma ekki sólrvörninni. Geislar sólarinnar eru ekki hættulausir og jafn hættulegir hér á kalda landinu sem og sunnar í álfu. Upplagt er því að hafa sólarkrem með í farteskinu, hvert sem halddið er, því aldrei er að vita hvenær sólin brýst fram.



Vor í lofti » Rúmfötin viðruð

Þegar vorar og birtir úti verður allt rykið á heimilinu miklu sýnilegra. Rykið er hins vegar ekki bara þar sem það sést því það getur leynt víða. Rúmfót safna til dæmis í sig ryki svo nauðsynlegt er að viðra þau reglulega. Núna er akkúrat rétti tíminn til þess að fara með rúmfötin út og viðra þau í vorloftinu. Ekkert jafnast á við það að skríða undir hreina säng sem hefur hangið úti part úr degi og allir sofa betur en áður.



GÓÐ HUGMYND FRÁ ÍSLANDI



LIPURD

Fimm gangtegundir í bland við seiglu og lipurð er góð hugmynd sem nær fótfestu hvar sem er. Við hjá Icelandair leggjum þannig áherslu á fjölbreytileika í starfsemi okkar, hæfni til að geta brugðist vel við mismunandi óskum við ólíkar aðstæður, á traust og sveigjanleika. Saman náum við settu marki.



WWW.ICELANDAIR.IS



brennslan mín ... Karl Olgeirsson

Geðklofin brennsla

Karl Olgeirsson, tónlistarmaður, endaði á því að gera geðklofna brennslu enda segir hann sjálfur að þannig eigi plötur að vera. „Hér ægir öllu saman og engin ákvæðin stefna er ríkjandi.“ Upphaflega ætlaði Karl að velja eitt lag fyrir hvern stafí í stafróinu og enda á joði en að lokum hafi það reynst ómögulegt. „Það er bara svo rosalega erfitt að velja svona fá lög á einn disk,“ segir Karl, hálf svekkur. Karl segir þó að í næstu brennslu og jafnvel brennslum muni hann jafnvel reyna að halda áfram og klára stafrófið. Að lokum má benda á þá staðreynd að Karl var svo smekklegrur að raða lögunum í stafrófsröð.

TRACK 1	ABBA - Eagle. Abba voru snillingar og ég fyllist auðmýkt frammi fyrir verkum þeirra. Janne Schaffer fer á kostum á gitarnum í þessu lagi.
TRACK 2	Brad Mehldau - Moon River. Frábær tónsmíð Mancinis í ótrúlega fallegum þrettán minútuna flutningi Brad Mehldau tríosins á Village Vanguard í New York.
TRACK 3	Giovanni Mirabassi - Lullaby. Ítalskur jazzpianisti sem ég sá í París en rétt missti af í London, finn lagasmiður en dálitið inn í sig.
TRACK 4	Goldfrapp -Paperbag. Þvílik samsuða gamalla kvíkmynda-stemninga. Og svo angurvar og erótískur texti.
TRACK 5	Jane Birkin - La décadanse. Petta lag er erkítýpa frónsku 60's tónlistarinnar. Hver valdi þessa tóntegund fyrir aumingja Jane? Sennilega Serge.
TRACK 6	Kanye West - Wake Up Mr. West. Bara frábært. Inngangur plötunnar Late Registration. Hvað er hann að segja?
TRACK 7	Ricky Lee Jones - Chuck E.'s in Love. Ellen Kristjánsdóttir Bandaríkjanna. New York, leðurjakkar, þróngar gallabuxur, alþahfúr og Steve Gadd á tindi trommuferils síns.
TRACK 8	Scott Walker - The Old Man's Back Again. Geðveikur spagettivestrasöngur um Jósef Stalín í upphöfnum útsett-ningum eins og Scotts er von og vísa.
TRACK 9	Shirley Caesar - Satan, We're Gonna Tear Your Kingdom Down. Ég var að uppgötva þessa drottningu gospelsins. Ótrúleg rödd!
TRACK 10	Vinicius Cantuaria - Perritos. New York búi frá Brasilíu, raulari eins og lærlifeður hans. Yndisleg minimalísk ballaða á bossanova grunni. Svona lagað uppgötvar maður bara á Rás 1!

» birta mælir með...

... OSTASKERUM

ÚR PLASTI sem ólíkt mörgum öðrum og íburðar-meiri verkfærum til sömu nota renna í gegnum hvaða ost sem er og skila ávallt fullkomnum sneidum. Þessi fékkst í Ostahúsini í Hafnarfirði.



... HINNI UNAÐSLEGU MÖNDLUOLÍU

FRÁ L'OCCITANE. Olían er unnin úr næstum útdauðum möndlutrjám í Providence í Fraklandi og mykir húðina alveg einstaklega vel. Olíuna á að bera á sig í sturtunni og hún freyðir notalega svo að eftir steypibaðið er líkaminn bæði hreinn og alveg ótrúlega mjúkur. Ilmurinn er indæll og varla til betri leið til að hefja daginn en löðrandi í mildum möndluhjúp..

... ÚTVARPSSTÖÐINNI RONDO Þegar síbylgjan, rokkið, hoppið og híði í bláútvarpinu er farið að taka all verulega á taugarnar er yndislegt að stilla á FM87.7 og heyra blíða tóna klassískrar tónlistar óma. Það er fullkomið til að slaka á eftir erfiðan vinnudag á leiðinni heim en einnig upplifgandi á morgnana á leið til vinna.



Rondo er klassísk tónlistarrás Ríkisútværpsins. Hún sendir út klassíkska tónlist og djass allan sólarhring-inn. FM sendingar nást enn sem komið er aðeins á Faxaflóasvæðinu. Þá má heyra útsendinguna á breiðbandi Símans, dreifikerfi Norðurljósá (Digital Ísland) og á vefnum www.ruv.is/rondo.

Geislavirk lyklakippa

NÝTT

Hættir þér til að týna lyklakippunni þinni? Fyrir nokkrum árum voru til kippur sem síptu á móti ef eigandinn blístraði og þannig var hægt að ganga á hljóðið. En ef maður missir lyklana sína á gólfíð á uppáhalds skemmtistaðnum sínum og tónlistin yfir-gnæfir bæði blístrið og pípið?

Glowring er lausnin á þeim vanda. Lyklakyppan er útbúin með litlum staut sem lýsir í myrkri og gerir þannig eiganda sínum kleift að finna sig, jafnvel djúpt í innviðum þess svarthols sem kvenmannsveski er.

Sjálflysandi hlutir eru svo sem ekki nýir af nálinni en það sem gerir Glowring sérstaka er að ljósíð kemur frá lekaheldu hólfi sem fyllt er með tritium. Ef þú fylgdist með í efnafræði veistu að tritium er geislavirk og því er kannski mesti „ljóminn“ farinn af uppfiningunni. Framleidendur fullyrða þó að efnið sé með öllu skaðlaust í svona litlu magni en sökum landsлага geta þeir ekki selt lyklakippuna út fyrir Bretland. Fjöldi kaup-enda hefur þegar ákvæðið að taka áhættuna og keypt geislavirku lyklakippuna sem sést vel í myrkri í allt að sex metra fjarlægð.



METSÖLUBÓK
UM ALLAN HEIM



Franskar konur

Franskar konur verða ekki feitar en þær njóta þess að fá sér brauð og kökur, vín og þriggja rétta máltíðir. Mireille Guiliano afhjúpar einfalda leyndardóma og veitir okkur innsýn í hvernig hægt er að njóta þess að borða en halda sér jafnframt grónum og heilbrigðum.

fitna ekki

Flott, sannfærandi, skynsamleg, fyndin – og tímabær: frábær bók um holla lífshætti sem fjallar ekki um megrun og getur gjörbreytt hugsunarhætti og lífi fólks.

„Engin spurning að þessi bók er sú besta af öllum nýjustu megrunarbókunum.“

Nanci Hellmich, USA Today

„Þýðingarmikil og heillandi bók fyrir þá sem hafa reynt alla háskalegu og misheppnuðu megrunarkúrana.“

Nicole Miller

„.... það höfðaði sérstaklega til mín að þurfa ekki að fara í líkamsræktina.“

Lynne Truss, The Times (London)

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is



Dýrin kenna stafrófið

Halldór Ásgrímur Elvarsson er þriggja stráka faðir. Hann hefur lesið mikið fyrir syni sína og þegar sá í miðið fór að sýna stafrófinu áhuga þá fékk hann þá hugmynd að semja stafrófskver þar sem dýr væru í aðalhlutverki.

„Hugmyndin kviknaði þegar Nökkvi Freyr fór að sýna stafrófinu áhuga. Ég hafði farið í gegnum stafrófskver þau sem til eru með elsta stráknum, Andreasi Hilmari, og var orðinn hálfleiður á þeim. Strákarnir hafa gaman af dýramyndum og dýrabókum og því datt mér í hug að nota dýrin til að kenna stafrófið,“ segir Halldór sem byrjaði á því að teikna nokkrar myndir og sýna strákunum sínum. „Pá kynnti ég hugmyndina fyrir Eddu útgáfu. Þar var mér vel tekið og þá fyrst fór boltinn að rúlla.“

Bókin er þannig upp byggð að á hverri síðu er einn stafur kynntur til sögunnar, mynd er af dýri og stuttur fróðleikur um það. Myndirnar teiknaði Halldór en hann starfar sem grafískur hönnuður. Hann samdi textann sömuleiðis. „Ég hafði það að leiðarljósi að hafa textann einfaldan en líka fróðlegan á þann hátt sem krökkum þætti skemmtilegt.“ Og sonum hans þykir bókin skemmtileg. Nú er sá yngsti, Elvar Örn, fjögurra ára og farinn að sýna stöfunum áhuga. Halldór segir mis snúið hafa verið að finna dýr með hverjum staf. „Við suma stafi var hægt að finna fjölmörg dýr en það átti ekki við þá alla.“ Íslensku stafina eins og ð leysti hann með þeim hætti að hann fann dýraheiti þar sem stafurinn kom fyrir, breiðnefur er til að mynda fulltrúi ð-sins.

Bókin er sú fyrsta sem Halldór semur en væntanlega ekki sú síðasta. „Ég er þegar kominn með hugmyndir að fleiri bókum,“ segir Halldór sem áfram ætlar að halda sig við bækur fyrir börn. „Það er skemmtilegt að skrifa fyrir börn. Ég er mjög ánægður með hvað það hafa komið út margar bækur fyrir börn á Íslandi undanfarin ár og það er skemmtilegt að taka þátt í þeirri bylgju.“



Viðtal: SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR
Mynd: HÖRÐUR SVEINSSON

Halldór Ásgrímur Elvarsson ásamt sonum sínum. Andreas Hilmar tólf ára er við hlið hans. Elvar Örn, fjögurra ára, og Nökkvi Freyr, sex ára, eru fremst á myndinni.

PÍANÓ

af öllum stærðum og gerðum



YAMAHA

Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT bunáðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!

SAMICK

Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.



Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 199.000 kr.
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.

ESTONIA

Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.



STEINWAY & SONS
Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!



— H L J Ó Ð F Æ R A H Ú S I D —
L e i f u r M a g n ú s s o n

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350

» PÍNLEGA SKEMMTILEGUR PÁTTUR

Sjónvarpsþátturinn Sigtíð á SkjáEinum hefur vakið mikla athygli að undanföru. Það er ekki algengt að leikið íslenskt efni veki jafn mikla lukku. Þátturinn er ekki sketsþáttur, bröndurum er ekki stillt upp fyrir hlátursroku og karlmenn klæða sig ekki í kjóla. Húmorinn er af allt öðrum toga.

Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON

Mynd: HARI

Það blundaði lengi í þeim félögum Gunnari Hanssny, Halldóri Gylfasyni og Friðriki Friðrikssyni að gera eitthvað fyrir framan myndavélarnar, eitthvað sem þeir getu kallað sitt eigið. Tækifærð kom síðasta sumar þegar Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri SkjáEins, bauð þeim að gera prufusket. Úr varð prufupáttur sem síðar þróaðist í Sigtíð. „Íslenskt grín í sjónvarpi hefur verið svo lengi í sketsformi að SkjárEinn vildi fá eitthvað annað. Það hentatdi okkur mjög vel því við viljum meina að áhorfendur séu oft vanmetnir. Það þarf ekki að matreiða brandarana á mettíma ofan í þá með skeið,“ segir Gunnar. „Við fengum Ragnar bróður minn til að skrifa með okkur og leikstýra og úr varð þrískiptur grínþáttur í anda 60 mínumánuðna. Við vorum ekki ánægðir með stílinn á honum, í raun var hann svolítioð stíllaus. Við hins vegar vorum hrifnir af karakternum Frímanni Gunnarssyni, sem sá um mannlegu hliðina í upprunalega þættinum, og ákváðum að vinna áfram með hann.“

Stillinn sem á endanum varð fyrir valinu er viðtalsformið. Frímann, leikinn af Gunnari, er afskaplega metnaðarfullur þáttastjórnandi sem vill gera vandaðan viðtalsþátt. Hann hefur hins vegar engan sans fyrir umhverfinu og hlustun hans er nær engin. Þess vegna móðgar hann viðmælendur sína óafvitandi og úr verða pínelega skemmtilegar aðstæður. Petta er kjarninn í þáttunum, að sögn þremminganna, fólk og sjónvarpsþáttir sem taka sig af alvarlega svo úr verða meinfyndnar aðstæður.

Hvernig verður svona þáttur til? Er hann skrifður bak við skrifborð eða er sköpunaraflinu gefinn laus taumur á tökustað? Í tilviki Sigtisins er það beggja blands. „Við skrifum allir handritið en það fer þannig fram að við setjum niður senur í grófum dráttum,“ segir Ragnar. „Við ákveðum hvað gerist, hvernig persónur bregðast við og hverjar aðstæðurnar eru. Við vitum hvað við viljum fá út úr hverju viðtali og hvernig það að enda.“ Þegar þeiri vinnu er lokið hefjast æfingar. Á æfingum breytast senur, karakterar þróast



Gunnar, Ragnar og Halldór, auk Friðriks, skrifa allir handritið að sigtinu.

og mótask. „Það er styrkur okkar sem leikara að semja í spuna og láta bara vaða,“ segir Gunnar. „Raggi fylgist svo vel með og skilur hismið frá kjarnanum.“

Ekkert eiginlegt textahandrit er til þegar tökur hefjast. Samtölin eru ekki skrifuð fyrirfram heldur eru aðstæðurnar látnar ráða fór. „Það gerir það að verkum að viðtalsformið verður eðlilegra. Við þurfum að hugsa um það sem við erum að segja, við komum hver öðrum á óvart og samtölin verða öll eðlilegri og flæða betur,“ segir Halldór. „Við þetta myndast líka rétta orkan í leikinn,“ bætir hann við.

Þeir grínþættir sem á dagskrá hafa verið síðustu árin eru afar misjafnir bæði að efnistökum og gæðum. Engum þessara þáttar svipar til Sigtisins. Það er kannski í takt við samfélagið að allt grín virðist verða að vera hraðsoðið og auðmelt. Petta á engan veginn við um Sigtíð. „Það er ekki hægt að setjast niður og horfa á fimm mínutúr af þættinum og dæma hann út frá því. Hann er ekki þannig uppyggður,“ segir Gunnar.

Húmorinn í þættinum er um margt sérstakur og erfitt að skilgreina hann. Það eru engar lokasetningar í bröndurunum og sárafair orðabrandrar eru fyrir fram skrifðar. Blaðamaður spurði leigubílstjóranum sem kom honum á fund Sigtismanna hvernig hann myndi lýsa húmornum. „Gáfumannahúmor,“ var svarið. Þessu eru Sigtismenn ekki sam-mála að öllu leyti. „Ég veit ekki hvernig eða hvort það er hægt að skilgreina húmorinn,“ segir Halldór. „Petta er bara okkar húmor.“ Ragnar er á sama máli en hann er harðari á því að ekki sé um gáfumannahúmor að ræða.

„Það sem við erum að gera er asnalegt og barnalegt og getur því varla talist gáfulegt,“ segir Ragnar. Gunnar tekur í sama streng. „Við erum alls ekki að gera svona ha ha fyndinn þátt og alls ekki intellektúal grín. Mér finnst allt sem kallast svartur húmor mjög fyndið, allt kaldhæðið og allt sem dansar eftir línumni og er á mörkunum að móðga fólk og verða smekklaust. Það finnst mér fyndið og eitthvað af því kemst vonandi til skila í þáttunum. Ætli það eina intellektúal í þættinum sé ekki Frímann að reyna að vera intellektúal með misjöfnum árangri.“

Þegar Gunnar lætur þessi orð falla fer Halldór að hlæja. „Það er svo gaman að leika senurnar þar sem Frímann gerist eins ónærgætinn og mögulegt er. Þá breytist andrúmsloftið og fyllist af pínelegheimum,“ segir Halldór. „Þá á ég mjög erfitt með að hemja mig og ég hef skemmt langflestар tökur af okkur strákunum.“

Átta þættir eru í fyrstu þáttaröð Sigtisins. Framhaldið er óljóst en þeir fjórmenningu vilja ólmir halda áfram á þessu sviði. „Það gefur manni endalausan kraft að gera efni út frá sjálfum sér, það er svo skemmtilegt,“ segir Gunnar. „Hvort sem við höldum áfram með Sigtíð eða gerum eitthvað annað þá er petta vettvangurinn.“ Ragnar grípur boltann á lofti og heldur áfram: „Við þróuðum Sigtíð frá byrjun og nú erum við komnir með stíl sem við erum ánægðir með og við viljum gera aðra seríu þar sem við gerum allt rétt. Við erum komnir með blóðbragð í muninn og erum hvergi nærrí saddir.“

NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆDI
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

MEGAN 3JA SÆTA HÆGINÐASÓFI
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN
OG SANDLITADUR



kr. 84.900.-

PREMIUM SVEFNSÓFI
2JA SÆTA SVEFNSÓFI MED HEILSUDÝNU
MICROFIBERÁKLÆDI



kr. 34.900.-

BOSTON HÆGINÐASTÓLL
MED RUGGU OG HÁTT BAK
MICROFIBERÁKLÆDI
FÆST Í MÖRGUM LITLUM



kr. 43.900.-

MEGAN HÆGINÐASTÓLL
MICROFIBERÁKLÆDI
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

BOSTON HÆGINÐASTÓLL
MED RUGGU OG HÁTT BAK
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

MEGAN HÆGINÐASTÓLL
ÍTALSKT LEDUR
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULUR

VISA OG EURO
RAÐGREIÐSLUR

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT
HÚSGAGNAVERSLEN

OPNUNARTÍMI: MÁNUÐ - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLEN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

Klippt og skorið í Hlíðunum

» Það eru fjölmargar Hárgreiðslustofur í Hlíðarhverfinu í Reykjavík. Innan um spegla og stóla, skæri og greiður leggja hárgreiðslukonur og menn stund á iðn sína og nemar læra rétt handtök. Birta tók tal af eigendum fimm stofa, Extra, Aida, Hárlausna, Hár-flikk og Hárgreiðslustofunnar Lönguhlíð til að komast að því hvernig gengi að skerða og snyrta hár annasamra viðskiptavina.



VIÐSKIPTAVINIR Á ÖLLUM ALDRI

Í Blönduhlíðinni er að finna hárgreiðslustofu sem ber tignarlega nafnið Aida. Þar er að finna alla flóru samfélagsins innan viðskiptahópsins en yngsti viðskiptavinurinn er 6 mánaða en sá elsti 105 ára. „Hér er búin að vera stofa í yfir 30 ár en ég keypti hana í fullum rekstri,“ segir Kristín Reynisdóttir eigandi Aidiu. „Ég er fjórði eigandinn en allir hafa þeir átt stofuna lengi.“ Aðspurð hvort hún lumi ekki á góðri sögu er Kristín fljót að svara. „Við vorum með eina aldraða konu í klippingu og lagningu, ég og neminn minn. Þegar var komið að því að borga og konan heyrði verðið sagði hún: Hva, svona mikið? Ég ætlaði ekki að láta klippa mig fyrir svona mikið.“

Orri Heiðarsson, dóttursonur Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, bregður nýklipptur á leik á hárgreiðslustofunni Aida.

KARLARNIR PYKJAST HISSA

Hár-flikk er enn ein stofan í Lönguhlíðinni þótt heimilisfang hennar sé Miklabraut 68. Eigandi hennar er Pálína Gunnarsdóttir og á sínum snærum hefur hún two aðra hársnyrtimeistara, þær Súsönnu og Ástu. Pálína hefur klippt og skorið hár viðskiptavina í 19 ár og þrátt fyrir að vera ekki orðin fertug klippir hún nú hár barna þeirra sem áður settust á barnsaldri í stól hennar. „Þeir þykjast alltaf vera jafn hissa karlarnir sem ég klippi,“ segir Pálína. „Þeir eru svo yndislegir að segjast ekki trúá því að ég sé búin að vera svo lengi vegna þess að ég geti ekki verið meira en tvítug.“ Prátt fyrir nálægð hárgreiðslustofanna segist Pálína ekki finna fyrir samkeppninni. „Við erum með þá sérstöðu að við tökum ekki niður pantanir. Fólk kemur bara inn af götunni,“ segir Pálína. „Ég hef minn trausta viðskiptahóp sem ég er mjög þakklát fyrir. Ég hef aldrei þurft að auglýsa og við höfum ekki annað eftirsprunginni tvær og því er ég nýbúin að ráða Ástu.“



Pálína Gunnarsdóttir hefur klippt hár við Miklubrautina í 19 ár.



Eva Lind Ingadóttir klippir einn af viðskiptavinunum á hárgreiðslustofunni Extra. Allt fer þetta fram undir vökulum augum vel klipptra fyrirsætudrengja.

KLIPPING Á LEIÐ ÚR VINNUNNI

Maria Auður Steingrímsdóttir er eigandi hárgreiðslustofunnar Extra í Suðurveri. Þar er búin að vera hárgreiðslustofa í nokkrá áratugi en segja má að Maríu hafi runnið blöðið til skyldunnar að taka við rekstrinum. „Það er gaman að segja frá því að mamma míni rak stofu hérna í 25 ár og þá vann ég hjá henni. Nú hefur dæmið snúist við og hún vinnur hjá mér,“ segir María og hlær. María hóf reksturinn í febrúar í fyrra en húsnæðið hafði staðið autt í nokkrá mánuði áður en hún tók við. „Það voru að ég held tvennir eigendur á milli míni og mömmu og svo var ekkert að gerast,“ segir María. Nú er aftur á móti allt að gerast. Eftir hæga byrjun hefur kúnnahópurinn stækkað og eru nú fjórar hárgreiðslukonur sem stytta, lita og snyrta hár á Extra. „Ég var ólétt þegar ég opnaði stofuna og það fór auðvitað orka í það. Núna er nóg að gera enda er staðsetning okkar mjög góð. Margir eiga leið hjá til og frá vinnu og þá er tilvalið að koma við hjá okkur og láta klippa sig,“ segir María og glottir.

VIÐSKIPTAVINIR HÉÐAN OG ÞAÐAN

Stefán Rósar Esjarsson rekur Hárlausnir á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar. Hann er búinn að reka stofuna í rúm 4 ár en rétt eins og María þá kom hann í tómt rými þar sem fyrir einhverjum mánuðum hafði verið hárgreiðslustofa. Viðskiptavinir Stefáns eru, líkt og í Blönduhlíðinni, af ýmsum toga. „Hér klippi ég gamalmenni, börn og unglings, þingmenn og róna,“ segir Stefán. „Ég er ekki bara með viðskiptavini úr hverfinu þó svo að þeir séu stórt hlutfall.

Hér kemur mikið af aðkomufólki, til dæmis fólk sem er utan af landi sem kemur hingað vegna þess að það hefur séð auglysinguna sem blasir við á Miklubrautinni.“ Stefán er ekki einn á stofunni en sér til halds og trausta hefur hann nemann Sigriði auk Viktoríu sem er útlærð. „Ég er alsæll og stofan gengur mjög vel svo ég hef ekki yfir neinu að kvarta,“ segir Stefán rétt áður en hann afsakar sig því næsti viðskiptavinur var að vinda sér inn á stofuna.

Viðskiptavinir Hárlausna er jafnt úr hverfinu og víðar að.



YNDISLEGT ELDRI BORGARA SAMFÉLAG

Í Lönguhlíð 3 er vel falin hárgreiðslustofa. Hún ber það einfalda nafn Hárgreiðslustofan og er aðeins einn starfsmaður á stofunni, hún

Dýrleif Eyðís Frímannsdóttir, sem jafnframt er eigandinn. Stofan er í húsi aldraðra og kemur það því ekki á óvart að eldri borgarar

eru í miklum meirihluta viðskiptavina. „Samfélagið hér er yndislegt,“ segir Dýrleif. „Maður er meira hér en heima hjá sér og hér þekkjast allir. Stofan er samt opin öllum og hér geta allir fengið klippingu.“

Dýrleif kann greinilega vel við sig og viðskiptavini sína í Lönguhlíðinni og segir það upp til hópa afar gott fólk. „Þú finnur varla heiðarlegra fólk en fullorðna fólk. Það vill hafa allt á hreinu,“ segir Dýrleif. Ellin tekur samt sinn toll og ekki fyrir svo löngu lenti hún í skemmtilegu atviki. „Það var hérrna ein sem kom í lagningu og klippingu. Hún borgaði með korti úr veskinu sínu en þegar hún fór að leita að gleraugunum sínum í veskinu kom í ljós að þetta var alls ekki veskið hennar. Hún hafði tekið í misgripum veski annarrar konu. Hún varð alveg miður sín greyið og ekki batnaði það þegar í ljós kom að hún hafði einnig borgað kaffibolla fyrr um daginn með annarra manna korti,“ segir Dýrleif og hlær. „Þegar við lokus fundum eigandann hlögum við mikið, allar þrjár, þó svo að greyið konunni hafi ekki litist á blikuna á meðan þessu stóð.“




Í húsi eldri borgara er lítil hárgreiðslustofa sem opin er öllum.

Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn,
tala og skilja enska tungu.



Þeir sem skrá sig í desember fá hina einstöku metsölubók Zig Ziglar, Sjáumst á toppnum, að gjöf.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á 18 cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu og tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheymnarpróf og prófskirteini í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is eða í sima 540-8400

Fagleg og lögleg þjónusta í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð.

Meistara- og sveinsbréf staðfesta að þinn snyrtifræðingur sé með löggild réttindi sem fagmaður. Eru þau sýnileg á þinni snyrtistofu?

Þú ert í öruggum höndum snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga og þú finnur okkur á Meistarinn.is.



*Félag íslenskra
snyrtifræðinga*





101 Reykjavík

Snyrtistofan Ágústa, Hafnarstræti 5, sími 552 9070
SPA fugurð, Laugavegi 96, sími 511 6660

103 Reykjavík

Snyrtimiðstöðin - Lancome, Kringlunni 7, sími 588 1990

104 Reykjavík

Snyrtistofan Eygló, Langholtsvegi 17, sími 553 6191

105 Reykjavík

Snyrtistofan Paradís, Laugarnesvegi 82, sími 553 1330
Snyrtistofan Helena fagra, Laugavegi 163, sími 561 3060
Snyrtistofan Gyðjan, Skípholti 50d, sími 553 5044
Laugar Spa snyrti- og nuddstofa, Sundlaugavegi 30a, sími 533 1177

108 Reykjavík

Snyrtistofan Ársól, Efstalandi 26, sími 553 1262
Snyrtistofan Dekurhornið, Faxafeni 14, sími 567 7227
Guinot-MCstofan, Grensásvegi 50, sími 568 9918

109 Reykjavík

Þú um þig snyrtistofa, Lóuhólum 2-4, sími 557 5959

110 Reykjavík

Snyrtistofan Greifynjan, Hraunbæ 102c, sími 587 9310

Kópavogur

Snyrtistofan Rós, Engihjalla 8, sími 554 0744
Snyrtistofan Jóna, Hamraborg 10, sími 554 4414

Garðabær

Snyrtistofan Garðatorgi, Garðatorgi 7, sími 565 9120

Hafnarfjörður

Snyrtistofan Carita, Dalshrauni 11, sími 555 4250
Snyrtihornið, Miðvangi 41, sími 552 1200
Snyrtistofan Þema, Reykjavíkurvegi 64, sími 555 1938
Snyrtistofan Lipurtá, Staðarbergi 2-4, sími 565 3331

Reykjanesbær

Snyrtistofan okkar, Starmóum 14, sími 421 6352

Mosfellsbær

GK snyrtistofa, Kjarna - Þverholti 2, sími 534 3424

Norðurland

Gínó snyrtistofa, Hornbrekkuvegi 16, Ólafsfirði, sími 862 0466

Suðurland

Snyrtistofa Ólafar, Austurvegi 9, Selfossi, sími 482 1616

VIÐ BJÓÐUM FULLT AF FÓLKI Á



ROSKILDE FESTIVAL '06


29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ

PÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ JA SRB Á NÚMERIÐ 1900.
PÚ SVARAR SPURNINGU UM ROSKILDE FESTIVAL. PÚ GÆTIR KOMIST TIL ROSKILDE!



ADALVINNINGUR ER FLUG OG MIÐAR Á ROSKILDE FESTIVAL FYRIR FJÓRA
AUKEVINNINGAR ERU: FLUG OG MIÐI FYRIR TWO Á ROSKILDE • MIÐAR FYRIR TWO Á ROSKILDE • GJAFABRÉF
FRÁ TÓNLIST.IS • FULLT AF TUBORG • DVD MYNDIR FRÁ HÁTÍINNI 2005 • FULLT AF GOSI • VARNINGUR
TENGDUR ROSKILDE FESTIVAL • FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG GEILSADISKUM OG MARGT FLEIRA!
11. HVER VINNER
ADALVINNINGUR DREGINN ÚT Í BEINNI Á X-INU!





„Sama hvað þú lest eða
heyrir, ekkert mun búa
þig undir kraftinn og
bungann í þessari mynd!”

-Quentin Tarantino



„Ég er dolfallinn!”

-Roger Ebert

PAUL WALKER

RUNNING SCARED

FRUMSÝND 12. APRÍL

SENDU SMS SKEYTIÐ

JA BRS Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MÍÐA
FYRIR TWO.

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TWO
DVD MYNDIR • PEPSI OG MARGT FLEIRA



8
HVER
VINNER!

LAUGARÁS
BÍÓ

D3
MOBILE



Pastamáltíð með humri

Grunnur að góðu pasta er gjarnan einföld sósa sem hægt er að nota á marga vegu. Hér er um að ræða spaghetti með hvítlauk, chilli og steinselju sem borið er fram með humri en hörpuskel og risarækjur er einnig gott að nota. Bagetta á teini með mozzarella og kirsüberjatómötum er borin fram með – og nóg af parmesanosti. Athugið að pastað eitt og sér með hvítlauk, chilli og steinselju er frábær réttur.

Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Myndir GUNNAR SVERRISSON

Ritstjórar TÍMARITSINS VEGGFÓÐURS



Skýr

KEA-skýr er frábað hollustuvara, einstakdega
protein- og næringaríkt og nánast fitilaust.

I því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skýr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
i fyrirrúmi og vilja lífa á
heilsusamlegan hátt.



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

SPAGETTÍ MED HUMRI FYRIR FJÓRA

Hvað þennan rétt varðar er best að skera allt niður og undirbúa áður en hafist er handa. Gott er að undirbúa humarinn fyrst og láta hann standa á meðan skorið er niður í pastað. Humarinn fer síðan inn í ofninn þegar verið er að matreiða pastað svo hann sé heitur þegar borinn er fram.

SPAGETTÍ

- 300-350 g spaghetti
- 25 g smjör
- 2 msk. ólifuolía
- 3 hvítlauksrif, smátt söxuð
- 1 rauft, meðalstórt chilli, fræhreinsað og smátt skorið
- hnefi steinselja, söxuð
- 1/2 sítróna, safinn kreistur yfir
- ferskur parmesanostur

Sjóðið pastað skv. leiðbeiningum. Braeðið smjör og olíu á pönnu. Mykið hvítlauk og chilli á pönnunni á lágum hita 13-4 mínútur. Gætið að því að hafa smjörið ekki heitt þegar hvítlaukurinn fer á pönnuna svo hann brúnist ekki. Setjið steinselju saman við og hrærið vel saman. Látið renna vel af pastanu. Hellid hvítlaus-, smjörblöndunni saman við pastað og blandið vel. Kreistið safann úr sítrónunni yfir pastað. Saltið eftir smekk ef þurfa þykir.

HUMAR:

- 1 kg humar
- 80 g smjör
- 4 hvítlauksrif, smátt skorin

Braeðið smjörið í potti og setjið hvítlaukinn saman við. Látið laukinn mykast og takið af hitanum. Best að láta hann standa í smá stund svo að gott hvítlausbragð verði af smjörinu. Hreinsið humarinn að vild, raðið honum í ofnskúffu eða eldfast móti, og hellid hvítlaukssmjörinu yfir humarinn. (Gott er að meðhöndla hann þannig að skelin sé klippit í sundur en þá opnast hún aðeins við eldun). Látið standa í klukkustund áður en humarinn er settur í mjög heitan ofn. Athugið að tíminn sem humarinn þarf fer algjörlega eftir stærð hans. Sé hann frekar smár þarf hann ekki nema 3-5 mín. í 275 gráða heitum ofni.



Meðalstór þarf hann um 5 mín. á sama hita. Fylgist vel með honum því ekki er gott að hann sé of mikil eldaður. Gott er að setja ofninn á grill rétt í lokin og færa humarinn efst í ofninn.

Setjið pastað á disk og leggið humarinn yfir. Gott að ausa smá af hvítlaukssmjörinu yfir allt saman. Berið fram með parmesanosti og brauðinu sem á eftir kemur.

BAGETTA Á TEINI

- 1 bagetta, skorin í sneiðar
- 1 hvítlauksrif, skorið í tvennt ólifuolía

kirsüberjatómatar

- 1 kúla mozzarellaostur eða mozzarella-kúlur
- sjávarsalt
- grillpinnar

Nuddið bagettusneiðarnar með hvítlauk og dreypið olíu yfir þær. Skerið mozzarella-ostinn í frekar stóra bita ef ekki eru notaðar kúlur. Præðið bagettusneið á pinna, þá tómat, aðra sneið af brauði og ost. Alltaf til skiptis. Raðið að vild á hvern grillpinna. Setjið á bökunarplötu og stráið salti yfir. Bakið í heitum ofni, 200-250 gráðu, þar til osturinn er mjúkur og brauðið heitt. Berið fram með pastanu.

smjor.is



íslenskt smjör
er hrein
náttúruafurð
og gefur betra
bragð!

Hrefna Rósa Sætrán
Íslenska kökkenlandslistinni



Áfram með **SMJÖR** ið!



SAMEINAD DREIFIKERFI



365
Síminn



BYLTING FYRIR ÁHORFENDUR

digital ísland  Skjárin



Síminn og 365 miðlar hafa gert með sér samning um að báðir aðilar dreifi íslenskum sjónvarpsrásum Digital Íslands og Skjáins. Samningurinn felur í sér jáfnan aðgang viðskiptavina þeirra um allt landið að öllum íslensku sjónvarprásunum.

Samkomulaginu verður náð í 3 skrefum:

- **15. apríl** mun **SKJÁREINN** nást með Digital Íslandi og Sirkus með Breiðbandi Símans.
- **15. júní** verða allar **opnar sjónvarpsrásráir** Digital Íslands og Skjáins aðgengilegar á öllum kerfum.
- **15. september** verður hægt að senda út **læstar sjónvarpsrásráir** Digital Íslands og Skjáins um öll kerfin.

Mikilvægur áfangi í dreifingu innlends sjónvarpsefnis sem felur í sér mikinn ávinning fyrir sjónvarpsáhorfendur hvar sem er á landinu.



Kaleikur var sveinsstykki Hörpu. Hann er nú í eigu Fella-og Hólakirkju ásamt patínu, könnu og oblátuóskju í stfl.



Með dýra málma milli handanna

» Harpa Kristjánsdóttir hannar og mótar fagra hluti úr eðalmálum enda bæði gull-og silfursmiður.

Úr vinnustofu Hörpu berast högg. Þar stendur hún við steðjann og slær með nettum hamri á silfurskjöld. Þegar haft er orð að mikið gangi á svarar hún brosand. „Silfursmiðin er gróf vinna til að byrja með. Það kemur mör gum á óvart hvað ég nota mikið sleggjur og hamra og veld drjúgum háváða við mína vinnu.“

Haganlegur peli sem Harpa gaf eiginmanninum. Staupin falla vel í miðjuhlífið.



Nýir kirkjumunir Selfosskirkju.



Allir skartgripir Hörpu eru handsmíðaðir og einstakir.

Harpa stendur við
steðjann. MYND/
VILHELM

Eftir Hörpu ligga bæði smáir hlutir og stórir. Hún lauk námi 1994 og hefur haft nóg að gera við smíðarnar og kennslu í Íönskólanum. Um tíma var hún einn af Or gullsmiðunum en segir rekstrarformið ekki hafa hentað sér svo nú vinnur hún sjálfstætt og selur beint. Skartgripirnir hennar eru handunnir og flestir úr gulli. Þeir eru stílhreinir og hún kveðst aldrei smíða tvo eins, heldur er hver og einn einstakur.

Meðal smíðisgripa Hörpu úr silfri eru kirkjumunir sem nú eru í eigu Fella-og Hólakirkju. Nýlega smíðaði hún svo kaleik, patínu (disk ofan á kaleikinn) og oblátudisk fyrir Selfosskirkju. „Ég sá fyrir mér arkitektúr kirkjunnar, ána og fjöllin þegar ég hannaði gripina,“ lýsir hún og sýnir mynd af þeim.

A verkstæðinu stendur stór og vegleg skál sem vekur ekki einungis athygli fyrir fegurð heldur gefur þá hugmynd að silfursmiðin sé aflraunavinna. „Ég nota bönd og teygjur til að lyfta þungum hlutum,“ segir Harpa og lýsir ferlinu við smíðina. Hápóleraður hamar er eitt af því sem kemur þar við sögu. „Líklega eru um milljón slög með hamrinum á þessa einu skál,“ segir hún og heldur svo áfram að smíða.



Beliss Bylting frá Babyliss Paris

Nú getur þú purrkað, blásið og sléttuð hárið
á helmingi stytri tíma en áður.

Með beliss þurrkar þú og sléttar krullað, hár,
þykkt hár, úfið hár, alveg frá rótum og fram í enda.

Öflugur blásari og ceramic sléttun gerir hárið
silkimjúkt og glansandi

Ný, einföld en fagmannleg hönnun fyrir þig að nota.

BE liss
Gerir fallegt hár fallegra



BaByliss®
PARIS

Fallegir & nýjir sumarskór!



Kiss
kr. 7.900




Kynning

Skótískan þetta sumarið er ansi litrík og skemmtileg. Sandalar sjást nú í miklu mæli í öllum regnbogans litum sem og fínir háhælaðir skór í gull - og silfurlitum.

Lág sem og há stígvel eru einnig vinsæl enda ansi flott eins og við þróngar gallabuxur.



Kiss
kr. 2.990
einnig til í silfur



gs skór
kr. 6.990



gs skór
kr. 14.990



Focus
kr. 3.990



Next
kr. 3.590



Next
kr. 2.390



Gallabuxnabúðin
kr. 4.950
einnig til í svörtu



Focus
kr. 6.990



Noa Noa
kr. 9.990



Next
kr. 5.490



Kiss
kr. 7.900
einnig til í hvítu



Benetton / Sisley
kr. 4.595
einnig til rauðir/bleikir,
grænir/svartir, hvítir/appelsínugulir og ljósbleikir.

Veisla á hvíta tjaldinu

Á árum áður fjölluðu rómantískar gamanmyndir nær eingöngu um tilhugalífið og þegar parið náði saman í sínum fyrsta kossi fíll tjaldið. Nú hins vegar er í tísku að segja söguna eftir kossinum er lokið og bónorðið er borið upp.


Í dag sjást reglulega myndir í kvikmyndahúsum þar sem brúðkaupið sjálft er í aðalhlutverki. Efnistökin eru mismunandi, allt frá fjólskylduvandræðum í *My Big Fat Greek Wedding*, til angistarfullra foreldra í *Meet the Parents*. Hér á eftir eru nokkrar góðar fyrir fólk í brúkaups-hugleidiðingum, bara svona til að komast í réttu skapið.

THE PHILADELPHIA STORY (1940)

Katherine Hepburn leikur fína frú sem rétt fyrir brúðkaup sitt fær bakþanka vegna fyrverandi eiginmanns síns (Cary Grant), verðandi eiginmanns síns (John Howard) og tungulipurs blaðasnáps (Jimmy Stewart, en hann fékk óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni). Myndin var síðar endurgerð 1956 í söngleikajformi og hét þá *High Society*. Með aðalhlutverk þá fóru Bing Crosby, Frank Sinatra, og Grace Kelly.

FATHER OF THE BRIDE (1991)

Steve Martin og Diane Keaton sjá á eftir litlu stúlkunni sinni inn í hjónabandið. Þessi mynd er endurgerð á samnefndri mynd frá 1950 en þá lék Elizabeth Taylor dótturina, þá 18 ára gömul.



Í Hollywood-kvikmyndum hefur mátt sjá ófáa brúðkaupsveisluna. Á myndinni sjást þeir félagar Wilson og Vaughn í indversku brúðkaupi í kvikmyndinni *The Wedding Crashers*.

FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL (1994)

Myndin sem kom Hugh Grant á kortið. Einstaklega skemmtileg mynd sem gerist nær eingöngu í brúðkaupum og auðvitað í einni jarðaför. Ógleymantlegt atriði þegar heyrnalausi bróðirinn rís upp og mótmælir brúðkaupi Grant og andafés.

WEDDING CRASHERS (2005)

Tveir piparsveinar, leiknir af Owen Wilson og Vince Vaughn, nýta sér brúðarmeyjar á ósmekklegan hátt þangað til þeir verða báðir, eins og lög gera ráð fyrir, ástfangnir.

WEDDING SINGER (1998)

Adam Sandler og Drew Barrymore eru yndisleg á miðjum níunda áratugnum. Skemmtilega hallærslugleg mynd og ekki skemmir frábær frammistaða hjá Iggy Pop.

Aðrar myndir sem vert er að skoða eru *My best friends wedding*, *The Bachelor*, *Wedding planner*, *The Wedding date*, *American wedding*, *Muriel's wedding* og sánski smellurinn *Jalla! Jalla!*

Vinsælar tertur

Við undirbúnung brúðkaups er að mörgu að hyggja. Eitt stærsta atriðið í undirbúnungnum er að skipuleggja matseðilinn. Hvað á að drekka, hvað á að borða og siðast en ekki síst hvernig á brúðarertan að vera?

Saga brúðarertunnar er löng en hin nútímalega brúðarterta er talin eiga rætur sínar að rekja til fornarr rómverskar brúðkaupsathafnar þar sem aðalsmennirnir bökuðu sæta brúðartertu sem ætlust var til að yrði borðuð. Hluti tertunnar var brotinn yfir höfði brúðarinna sem tákni um frjósemi og gnægtir. Brúðhjónin áttu svo að borða molana.

Sú tegund af köku sem fyrst kemur upp í hugann hjá nútímafólkí þegar brúðarertur færast í tal er rjómkökubomba með ávoxtum og frómas. Undanfarin á hafa þó brúðartertur orðið fjölbreyttri og eru nú hvers konar kökur bornar á borð í brúðkaupum. Súkkulaðitertur, brúnar og hvítar, gulrótarertur og raunar renna vel flestar kökur eða

tertur ljúflega niður í maga brúðkaupsveislugesta.

Blaðamaður grennslaðist fyrir um það í tveimur bakaríum hvaða kökur væru vinsælastar hjá brúðhjónum. Vinsælasta brúðartertan hjá Kókuhorninu er hin hefðbundna rjómaterta. Tertuna er hægt að fá með hinum ýmsu bragðtegundum, súkkulaðibrágði, karamelli-, jarðarberja-, irish coffee- og fleira er til. Margir kaupa súkkulaðikökur og einhverjir hafa haldið í gamlar hefðir og keypt kransakökum en þær er hægt að fá í ýmsum utfærslum, eins og turn, lúður og fleira.

Hjá Jóá Fel er "englakaka súkkulaðikaka dauðans" vinsælust. Eins og nafnið ber með sér er þetta dýrindis súkkulaðisprengja sem er gott er að gæða sér á eftir allan veislumatinn.

Brúðarterta eins og margir kannast við.

Fjölbreytnir ræður þó ríkjum þessa dagana og hægt er að fá kökur af öllum stærðum og gerðum fyrir veisluna.



-25%

Afsláttur af sumardekkjum

ÞÚ FÆRÐ

sumardekk

Á SÚPER-VERÐI

&

-25%

AFSLÁTTUR AF
vinnu
við smur

&

Ótrúleg
tilboð!

á
jeppa-
dekkjum

BÍLKÓ
bilkó.is

- Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag*

HASSO

Car-rental
Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

*Verð er án kílómetragjalds.
Tel: **555 333 0**

Emilía Örlygsdóttir
elur upp



Bakað fram á nóttr

Í síðustu viku varð sonur minn fimm ára og af því tilefni var auðvitað haldin veisla. Afmælisdaginn bar að þessi sinni upp á þriðjudag og eftir miklar vangaveltur um það hvenær ætti að halda veisluna ákvæð eg að hafa hana á afmælisdaginn sjálfan eftir vinnu og leikskóla og panta bara pítsur. Mér var afskraplega létt eftir að hafa tekið þessa ákvörðun og varð hugsað til fyrstu stóru afmælisveislunnar sem ég hélt fyrir son minn þegar hann varð tveggja ára. Sú veisla var fyrsta svona veislun sem ég hélt sjálf og nokkurs konar próf á það hvort ég væri almennileg húsmóðir sem einhværa hluta vegna var mér mjög mikilvægt þá.

Á þessum tíma var ég ekki bara móðir og húsmóðir heldur háskólanemi líka og það hittist svo skemmtilega á að sama dag og veislun var haldin átti ég að skila nokkurra blaðsíðona ritgerð á spænsku sem ég var að læra í fyrsta skipti og halda fyrirlestur á sama tungumáli í tíma. Litla eldhúsíð mitt var því algjörlega undirlagt síðustu dagana fyrir afmælið og hveiti, flórsykur, fartölva, vanilludropar, orðabækur og egg var allt í einum graut á eldhúsborðinu.

Allt hafðist þó að lokum, ritgerðinni var skilað á réttum tíma, fyrirlesturinn gekk ljómandi vel og þegar gestirnir mættu í veisluna beið þeirra brosandir húsmóðir, hreint og spariklætt afmælisbarn og hlaðborð með að minnsta kosti einni heimabakaði tertu á mann og fjöldu heitra réta. Ein vinkona míni hló bara þegar hún sá allt sem var boðið upp á og spurði hvernig fermingardeilda sonar míns yrði eiginlega fyrst tveggja ára afmælið væri svona. Enda fór það svo að þrátt fyrir að allir borðuðu sig sadda í veislunni varð allt af mikil af afgöngum og ég varð að vera með afmæliskaffi í nokkra daga á eftir til þess að koma öllu út.

Sem betur fer lærði ég af þessu og hef ekki haldið aðra eins veislu síðan. Ég komst líka að þeirri niðurstöðu að það væri nóg að vera hundrað prósent foreldri auk þess að vera í fullu námi eða starfi og fáránlegt að reyna að vera fyrrmyndar húsmóðir líka.

Fimm ára afmælið heppnaðist bara ágætlega þó að ég hefði ekki verið að baka í viku fyrir það og allir borðuðu bara pítsur af pappadiskum. Ég verð reyndar að játa að ég stóðst það ekki að baka afmæliskökuna sjálf þó að ég þyfti að vaka frameftir nöttina fyrir afmælið til þess, en ég tel mig samt vera á réttri leið. Með þessu áframhaldi verð ég orðin málulega kærulaus áður en sonur minn fermist og fermingardeilda verður kannski ekkert eins svakaleg og útlit var fyrir í fyrstu.



Erfitt að vera unglungur

Unglingar eru oft svoltið ráðvilltir því það er ekki alltaf auðvelt að vera á þessum undarlega aldrí á milli þess að vera barn og fullorðinn. Margt er að gerast og miklar breytingar í gangi, líkamlegar, andlegar og félagslegar. Miklu máli skiptir að foreldrar séu til staðar fyrir börnin sín á þessum aldrí og sýni þeim stuðning þegar á þarf

að halda. Þó að unglungar eigi það til að loka sig að ekki þar með sagt að þeir hafi ekki þörf fyrir að ræða málín. Með lagi geta foreldrar öðlast trúnað barna sinna og hjálpað þeim í gegnum allar þessar breytingar, bæði með því að miðla af sinni eigin reynslu og einfaldlega bara að hlusta á það sem þau hafa að segja.



Lautarferð í næsta nágrenni

Þegar vorar getur verið ótrúlega gaman að fara eitthvað út í náttúruna og borda gott heima-tilbúið nesti. Ekki er endilega nauðsynlegt að fara langt að heiman því næsti leikvöllur getur

verið tilvalinn fyrir lautarferð og þeim sem minni eru nægir oft að fara bara út í garð. Gott nesti og grasskiki er allt sem þarf til þess að upplifa fullkomna lautarferð.

Carl Weill® GÆDASTÁL



Vönduð stálpottasett

Orkusparandi • Prefaldur botn • 12 hlutir

Aðeins kr. 22.000,-

Kynningarverð



Eldhúshnifar Steikarasett

24 hlutir

Aðeins kr. 12.000,-



Hnífapara- töskur

72 hlutir

Gyllt eða stál

Aðeins kr. 12.000,-

Pöntunarsímar 862 5273 og 893 2666

Opið alla daga frá kl. 10.00 til 22.00. Sendum í postkröfum ef óskað er.

Póstburðargjald greiðist af viðtakanda

Ice-Atlantic ehf.

Simi 893 2666

Hollustuna heim!

**Hollur og góður kínamatur,
stórir skammtar - beint heim til þín.**



TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Original hot and sweet svínakjöt
Snöggssteikt nautakjöt í ostrusósu
Kínverskar eggjanúðlur
m/kjúklingi og grænmeti
Hrísgljón, súrsæt sósá, prjónar og soya sósá

1.245 á mann
2.490 fyrir two

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur m/kínasveppum
Wok steikt lambakjöt m/svartbaunásósá
Original hot and sweet svínakjöt
Hrísgljón súrsæt sósá, prjónar og soya

1.345 á mann
2.690 fyrir two

TILBOÐ 3

Rifjaparty
Konton svínarif Hrísgljón, prjóna og soya pokí af Maarud

1.150 á mann
2.300 fyrir two

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

B A R N A B O X



2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósá kinderegg

600 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

F R I H E I M S E N D I N G

Lágmarkspóntun er kr. 1.900.- en kr. 4.000.- í Hafnarfjörðum.

Opið: mán.-fim. 12-22, fös. og lau. 12-23, sun. 17-22

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Hvað er einn litningur á milli vina?

Þegar börn með Downs heilkenni heimsóttu Þjóðminjasafnið var ljósmyndarinn Harpa Hrund Njálsdóttir að fylgjast með. Hún tók skemmtilegar myndir af börnum. Þessar myndir er hægt að skoða í Þjóðminjasafni Íslands en þar opnaði í gær sýningin „Hvað er einn litningur á milli vina?“ Myndirnar eru á veggnum á 1. hæð framan við myndasal



Þjóðminjasafnsins. Sýningin er haldin í tilefni af útgáfu afmælis-

dagatals til styrktar börnum með Downs heilkenni á vegum Félags

áhugafólks um Downs-heilkenni. Hún stendur til áttunda maí.



Sumarbúðir í sveitinni

Víða um land eru sumarbúðir fyrir börn og unglings og það getur verið einstök upplifun að eyða viku af sumrinu með jafnöldrum sínum á einhverjum skemmtilegum stað. Foreldrar sem hafa áhuga á að senda börnin sín í sumarbúðir ættu að fara að kynna sér hvað er í boði og ræða möguleikana við börnin sín. Í sumarbúðum rata börnin oft í ýmis ævintýri og eignast vini fyrir lífstíð.

STRÁKARNIR

Ótrúlegt sprell á mánudags, þriðjudags, miðvikudags og fimmtudagskvöldum kl. 20



Jóhanna Sveinsdóttir
segir kynjasögur



Double Heart Seven, The Love Detector

Um daginn sat ég í makindum uppi í sófa með kaffibolla og Cosmó og rak þá augun í litla grein sem bar heitið „Ástarskynjarinn“ eða „The love detector“. Pregar ég hafði lesið greinina til enda vissi ég ekki hvort ég ætti að hlæja eða gráta, þannig að ég ákvað í staðinn að öskra lítillega. Svo hló ég. En svo varð ég bara sorgmædd.

